



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík 4. maí 2018

1804029SA GB
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018-2029, 479. mál

Vísað er til tölvupósts frá Alþingi, dags. 20. apríl 2018, þar sem óskað er eftir umsögnum um ofangreint mál.

Almennt um landsáætlun

Samband Íslenskra sveitarfélaga hefur átt aðkomu að vinnu verkefnisstjórnar um gerð landsáætlunar ásamt því að leggja til starfsmann til verkefnisins, sem vann að gagnaöflun frá sveitarfélögum og landshlutasamtökum og úrvinnslu upplýsinga á fyrsta hluta verkefnisins. Einnig hafa fulltrúar tveggja landshlutasamtaka átt aðkomu í gegnum ráðgjafarnefnd um landsáætlun.

Þar sem um er að ræða fyrstu áætlun af þessum toga sem gerð er hér á landi hefur verið um lærdómsferli að ræða og vinnan hefur tekið nokkuð lengri tíma en lagt var upp með í upphafi. Að áliti sambandsins hefur tíminn þó heilt yfir verið vel nýttur og er ekki við því að búast að vinna sem þessi verði unnin á skömmum tíma. Góð sátt hefur tekist innan verkefnisstjórnar um áherslur í landsáætlun og um gerð þriggja ára aðgerðaáætlunar og ef marka má umsagnir sem bárust á samráðsgátt virðist þessi vinna vera að mæta brýnni þörf fyrir skýrari stefnumótun stjórnvalda um málefni ferðamannastaða.

Að áliti sambandsins er þriggja ára verkefnaáætlun mikið framfaraskref og á grundvelli hennar munu framkvæmdaaðilar geta skipulagt framkvæmdir til lengri tíma en áður hefur verið mögulegt. Ástæða er til að fagna því að í tillögu að fjármálaáætlun 2019-2023 er gert ráð fyrir því að ráðist verði fljótlega í næstu verkefnaáætlun, til að auka enn frekar þann fyrirsjáanleika sem áætlunin býður upp á. Er þannig miðað við að áætlunin verði endurnýjuð á hverju ári þannig að ávallt sé horft til næstu þriggja ára.

Tengsl við önnur verkefni

Rétt þykir að minna á það sem Samband Íslenskra sveitarfélaga hefur áður bent á, að ekki er nægilegt að byggja upp innviði á ferðamannastöðum. Einnig þarf að huga að samgöngum að þessum stöðum og er mikilvægt að í samgönguáætlun verði hugað að samspili við landsáætlun. Jafnframt þarf að skilgreina hlutverk Vegagerðarinnar gagnvart ferðapjónustu, svo sem varðandi gerð bílastæða við ferðamannastaði, gerð útskota við



vinsæla útsýnisstaði og merkingar ferðamannastaða. Augljóst er að ef Vegagerðin á að geta sinnt slíkum verkefnum þarf að auka framlög til vegamála enda verður þörf fyrir vegafé til almennra úrbóta og viðhalds vega áfram mikil. Sambandið getur fyrir sitt leyti tekið undir ýmsar þeirra ábendinga sem fram koma í umsögn Vegagerðarinnar um tillöguna og hvetur til þess að hugað verði að því hvernig hægt er að efla aðkomu Vegagerðarinnar að málefnum ferðamannastaða.

Í vetur hefur verið unnið í öllum landshlutum að gerð áfangastaðaáætlana, með aðkomu sveitarfélaga og ferðaþjónustuaðila á hverju svæði. Augljóst samspil er á milli þessara áætlana og má gera ráð fyrir að sú stefna til 12 ára sem birtist í landsáætlun geti nýst sem áherslu í áfangastaðaáætlunum. Við endurskoðun landsáætlunar og verkefnaáætlana þarf sömuleiðis að horfa til áherslna landshlutanna í sínum áætlunum. Að áliti sambandsins er ekki ástæða til annars en að þessar áætlanir geti unnið vel saman.

Breytingar á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða sem samþykktar voru á sl. ári fela í sér aukin tækifæri fyrir sveitarfélög til þess að sækja um styrki til framkvæmda á ferðamannastöðum. Sjóðurinn er ágætlega fjármagnaður og standa vonir sveitarfélaga til þess að svo verði áfram. Að áliti sambandsins ætti þó áfram að gera ráð fyrir því að staðir í umsjón sveitarfélaga geti verið hluti af landsáætlun. Á verkefnaáætlun nú eru þessir staðir 11 talsins en þar af eru nokkrir staðir sem eru í umsjón fleiri en eins aðila. Hefur verkefnisstjórn lagt áherslu á að við vinnslu verkefna á þessum stöðum verði leitast við að skýra ábyrgð umsjónaraðila, sem er nauðsynlegt til að hægt verði að móta framtíðarsýn um uppbyggingu. Mögulega hefðu staðir á verkefnaáætlun í umsjón sveitarfélaga mátt vera fleiri en sambandið telur þó mikilvægt að horfa til þess að úthlutunarferli Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða er nú að ljúka og má vænta þess að verkefni sem sjóðurinn styrkir, á vegum sveitarfélaga og einkaaðila, verði nálægt eitt hundrað talsins. Sveitarfélögin geta því á ýmsan hátt vel við unað þótt ávallt sé hægt að gera betur, m.a. varðandi dreifingu framkvæmdafjár milli og innan landshluta. Um sjónarmið við forgangsröðun á verkefnaáætlun er að öðru leyti vísað til umfjöllunar á bls. 10-11 í tillögu að stefnumarkandi landsáætlun. Vert er að undirstrika sérstaklega þá afstöðu sambandsins að á meðan ekki er komin full reynsla á landsáætlun sé ekki rétt að útiloka að sami ferðamannastaður geti bæði fengið fjármögnun frá framkvæmdasjóði og á grundvelli landsáætlunar enda séu fyrir því málefnalegar ástæður.

Í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar er gert ráð fyrir því að gistináttagjald renni framvegis til sveitarfélaga í stað þess að renna í ríkissjóð. Samband íslenskra sveitarfélaga leggur áherslu á að þessi breyting taki gildi sem fyrst. Vert er að minna á að sveitarfélögin leggja mikla fjármuni til innviða sem nýtast ferðaþjónustunni en jafnframt eru mörg verkefni sem kalla á meiri fjármuni. Má sem dæmi nefna að sveitarfélög hafa almennt mjög takmarkaðan aðgang að styrkfé til þess að byggja innviði innan þéttbýlisstaða og til þess að efla starfsemi safna og sýninga, svo sem um sögu, náttúru og menningu viðkomandi svæða. Einnig eru framlög ríkisins til markaðsstarfs úti í landshlutunum aðeins að standa undir hluta kostnaðar við starfsemi markaðsstofa en telja verður að það starf sé einn af lykilþáttum ef ná á því markmiði að dreifa ferðamannastraumnum betur um landið og inn á svæði sem ættu að þola meiri umferð ferðamanna. Einnig má vænta þess að sveitarfélög muni á næstu árum horfa til þess að eiga meiri aðkomu að landvörslu en nú er raunin, til að tryggja ásættanlega umgengni á



ferðamannastöðum. Hlutdeild sveitarfélaga í gistináttaskatti, sem nýverið var þrefaldaður, er því mjög brýnt úrlausnarefni.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason

sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs